

UNDIRBÚNINGUR RÝNIFUNDA

19. FÉLAGS- OG VINNUMÁL

Yfirlit yfir sjónarmið sem taka þarf tillit til vegna sérstöðu Íslands

Samningahópur um EES kafla (II) hefur unnið greinargerð um helstu atriði sem hafa þarf í huga varðandi 19. kafla um félags- og vinnumál. Kaflinn fellur undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og flestar gerðir Evrópusambandsins á sviðinu eru þegar innleiddar.

Samningahópurinn leggur til að eftirfarandi atriðum verði haldið til haga á rýnifundum með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins:

EES-undanþágur sem semja þarf um.

Á ekki við.

Annað sem semja þarf um.

Á ekki við.

Annað sem rétt er að vekja athygli á.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur stefnt íslenskum stjórnvöldum vegna innleiðingar á efni tilskipunar nr. 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Tilskipunin var innleidd með lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra en Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við 5. gr. (réttur til launa í veikinda og slysatilvikum) og 7. gr. laganna (slysatryggingar vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku) þar sem stofnunin telur þær brjóta í bága við umrædda tilskipun og 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (frelsi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki). Huga þarf að því að reglur Evrópusambandsins leiði ekki til undirboða á íslenskum vinnumarkaði.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Greinargerðir til aðalsamninganefndar um yfirferð rýniblaða í samningahópum

Kafla 19 – Félags- og vinnumál

Samantekt

Kafla 19 fjallar um félags- og vinnumál. Kaflinn er mikill að umfangi en undir hann falla 335 gerðir í lagasafni Evrópusambandsins miðað við útgáfu þess 1. júní 2010. Meginþorri þeirra reglugerða og tilskipana sem heyra undir kafla 19 hafa verið innleiddar í íslenska löggjöf á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Nokkrar stofnanir og sjóðir Evrópusambandsins starfa á þessu sviði og þarf að skoða aðkomu íslenskra stjórnvalda að þeim. Enn fremur eru tvær gerðir sem falla utan samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og fjalla um jafna meðferð manna, aðallega á vinnumarkaði og í atvinnulífi, án tillits til kynþáttar eða þjóðernis, trúar eða trúarskoðana, fötlunar/örorku, aldurs eða kynhneigðar.

Í álitinu sínu á aðildarumsókn Íslands frá því í febrúar 2010 lagði framkvæmdastjórn Evrópsambandsins áherslu á að þessar gerðir verði innleiddar. Velferðarráðherra stefnir að því að leggja fram frumvarp til innleiðingar þessara gerða á vorþingi 2011. Þá hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gagnrýnt að ekki sé að finna heildarstefnu í vinnumálum hér á landi.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur stefnt íslenskum stjórnvöldum vegna innleiðingar á efni tilskipunar nr. 96/71/EB, um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Tilskipun þessi var innleidd með lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra en Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við 5. gr. (réttur til launa í veikinda og slysatilvikum) og 7. gr. laganna (slysatryggingar vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku) þar sem stofnunin telur þær brjóta í bága við umrædda tilskipun og 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (frelsi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki).

Efni kafla

Kafla 19 hefur verið skipt í sjö undirkafla:

1. Vinnuréttur.
2. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum.
3. Félagslegar viðræður (e. *social dialogue*).
4. Vinnumarkaðsstefna og Evrópski félagsmálasjóðurinn (e. *European Social Fund*).
5. Félagsleg aðlögun, þar á meðal fatlað fólk.
6. Félagsleg vernd.
7. Jöfn meðferð manna og jafnrétti kynja.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Mikilvægustu gerðir

Flestar þær gerðir sem falla undir 19. kafla og er að finna í 5. kafla lagasafns Evrópusambandsins hafa verið innleiddar í íslenskan rétt á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Eingöngu er því fjallað um þær gerðir sem Eftirlitsstofun EFTA hefur gert athugasemdir við innleiðingu hér á landi sem og þær gerðir sem falla utan við gildissvið samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Enn fremur eru að finna óbindandi gerðir sem falla undir 19. kafla en ekki verður fjallað sérstaklega um þær í þessu yfirliti.

Að því er varðar gerðir er falla undir vinnuréttinn þarf að huga sérstaklega að efni **tilskipunar nr. 96/71/EB, um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu**. Tilskipun þessi hefur verið innleidd með lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra en Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við 5. (réttur til launa í veikinda og slysatilvikum) og 7. gr. laganna (slysatryggingar vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku) þar sem stofnunin telur þær brjóta í bága við umrædda tilskipun og 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (frelsi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki). Eftirlitsstofnunin hefur stefnt íslenskum stjórnvöldum fyrir EFTA dómstólinn vegna þessa máls. Efni tilskipunarinnar hefur verið mikið til umræðu á vettvangi Evrópusambandsins og er meðal annars sérstakur sérfræðingahópur á vegum framkvæmdastjórnarinnar starfandi um efni hennar.

Enn fremur falla þar undir tilskipanir sem hafa verið felldar undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið en vinna stendur yfir við að innleiða efni þeirra. Þar á meðal er tilskipun nr. 2008/104/EB, um starfsmannaleigur.

Gerðir á sviði aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum á landi, lofti og sjó falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og hafa því verið innleiddar í íslenskan rétt.

Íslensk stjórnvöld og samtök aðila vinnumarkaðarins hafa fylgst með því sem hefur verið að gerast á sviði vinnumarkaðsmála hjá Evrópusambandinu. Stjórnvöld hafa ekki haft tækifæri á að vera virkir þátttakendur í stefnumótunavinnu Evrópusambandsins. Samtök aðila vinnumarkaðarins hafa haft aðgang að þeirri vinnu sem hefur farið fram á vettvangi Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) og Samtaka evrópskra iðn- og atvinnurekenda (BUSINESS EUROPE, áður UNICE). Áfram þarf að fylgjast vel með þróun mála hjá Evrópusambandinu á þessu sviði en ekki er gert ráð fyrir sérstökum vandkvæðum við inngöngu í Evrópusambandið.

Tilskipanir Evrópusambandsins nr. 2000/43/EB, um innleiðingu meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis, og nr. 2000/78/EB, um innleiðingu meginreglunnar um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi á grundvelli trúar eða trúarskoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar eru ekki hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Fyrri tilskipunin fjallar um jafnrétti á grundvelli kynþáttar eða þjóðernis, hvort sem um er að ræða á vinnumarkaði, með tilliti til félagslegrar verndar (þar með talið félagslegt öryggi og heilsugæslu), félagslegs hagræðis, menntunar eða aðgengis að vöru og þjónustu sem almenningur á kost á (þar með talið húsnæði). Hin síðarnefndar kveður á um bann við mismunun

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

á grundvelli trúar eða trúarskoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar en gildissvið hennar takmarkast við atriði er tengjast vinnumarkaðnum. Hins vegar liggur fyrir yfirlýsing frá EFTA ríkjunum er PROGRESS áætlun Evrópusambandsins var felld undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að fyrirhugað væri að innleiða efni fyrrgreindra tilskipana í innlendan rétt. Velferðarráðherra stefnir að því að frumvarp til innleiðingar á þessum tilskipunum verði lagt fram á vörpingi 2011.

Gerðir á sviði jafnrétti kynja falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og hafa því verið innleiddar í íslenskan rétt. Verið er að vinna að smíði frumvarps til innleiðingar á tilskipun nr. 2004/113/EB um innleiðingu meginreglunnar um jafnrétti milli karla og kvenna að því varðar aðgengi vöru og þjónustu.

Gerðir er fjalla um stofnanir og sjóði Evrópusambandsins sem heyra undir 19. kafla er fjallað um í kaflanum um stofnanir og sjóði.

Áhrif kafla.

Eins og áður hefur komið fram eru flestar gerðir sem heyra undir 19. kafla innleiddar í íslenskan rétt á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Má fullyrða að það eigi við um nánast allar bindandi gerðir. Því mun ekki þurfa að koma til mikilla breytinga á íslensku lagaumhverfi vegna þeirra auk þess sem Ísland verður að teljast mjög vel í stakk búið til þess að mæta þeim kröfum sem kaflinn felur í sér.

EES og Schengen (ef við á).

Á ekki við.

Alþjóðasamningar sem eiga undir kaflann.

Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Ísland hefur fullgilt samninginn frá 1961; endurskoðaði félagsmálasáttmáli Evrópu hefur verið undirritaður af hálfu Íslands og er verið að undirbúa fullgildingu hans.

Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Íslands hefur fullgilt samninginn.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum.

Ísland hefur fullgilt samninginn.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Ísland hefur fullgilt samninginn.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Ísland hefur undirritað samninginn og er verið að vinna að undirbúningi fullgildingar hans.

Samþykktir Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar.

Ísland hefur fullgilt eftirfarandi samþykktir Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar:

- Samþykkt nr. 2 um atvinnuleysi.
- Samþykkt nr. 11 um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks.
- Samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
- Samþykkt nr. 81 um vinnueftirlit í iðnaði og verslun.
- Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

- Samþykkt nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949).
- Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
- Samþykkt nr. 100 um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
- Samþykkt nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis (1953).
- Samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu.
- Samþykkt nr. 108 um persónuskírteini sjómanna.
- Samþykkt nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.
- Samþykkt nr. 122 um stefnu í atvinnumálum.
- Samþykkt nr. 129 um vinnueftirlit í landbúnaði.
- Samþykkt nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu.
- Samþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini.
- Samþykkt nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.
- Samþykkt nr. 147 um lágmarkskröfur á kaupskipum.
- Samþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.
- Samþykkt nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.
- Samþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.
- Samþykkt nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana.

ESB stofnanir og sjóðir sem eiga undir kaflann.

Sjóðir:

Félagsmálasjóður Evrópu.

Sjóðurinn var settur á fót til að auka fjölda atvinnutækifæra innan Evrópusambandsins og bæta þar með lífskjör fólks með því að auka færni fólks og tækifæri þess. Sjóðurinn er hluti áætlunar Evrópusambandsins til að auka atvinnuþátttöku fólks með því að veita atvinnuleitendum og þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu þjálfun og stuðning til þess að geta orðið virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Við aðild fengi Ísland fulla aðild að Evrópska félagsmálasjóðnum. Gerðir sem um hann fjalla falla utan við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þar ber að nefna ákvörðun ráðsins nr. 83/516/EBE, um verkefni Evrópska félagsmálasjóðsins, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 83/673/EBE, um stjórnun Evrópska félagsmálasjóðsins.

Evrópusjóður um aðlögun vegna alþjóðavæðingar (e. *European Globalisation Adjustment Fund*).

Sjóðnum er ætlað að styðja starfsmenn á vinnumarkaði á þeim svæðum þar sem fækkun starfa vegna breyttra viðskiptahátta í tengslum við alþjóðavæðingu hefur skaðleg áhrif á efnahag viðkomandi svæðis. Samkvæmt reglugerðinni er sjóðnum ætlað að veita styrki til verkefna sem stuðla að því að fólk geti aftur orðið virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Ísland hefur ekki átt aðild að þessum sjóði en reglugerð nr. 1927/2006/EB, um stofnun Evrópusjóðs um aðlögun vegna alþjóðavæðingar fjallar um sjóðinn.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Stofnanir:Evrópustofnun um bætt starfsskilyrði og lífskjör (e. *European Foundation for the Improvement of Living and Working Condition*).

Stofnuninni er ætlað að vera til ráðgjafar varðandi lífskjör og vinnuskilyrði o.fl. varðandi stefnumótun Evrópusambandsins í félagsmálum. Skal stofnunin safna og bera saman upplýsingar og standa að rannsóknum og greiningu á upplýsingum. Uppbygging stofnunarinnar byggist á þrífliða samstarfi stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins og sitja því í stjórn stofnunarinnar fulltrúar stjórnvalda, samtaka launafólks og samtaka atvinnurekenda.

Við aðild fengi Ísland fulla aðild að starfsemi stofnunarinnar. Mikilvægt er að hugað verði að því hvernig tryggt verði að Ísland geti tekið virkan þátt í rannsóknum sem stofnunin stendur að.

Eftirfarandi gerðir fjalla um starfsemi stofnunarinnar:

1. Reglugerð nr. 1365/75/EBE, um stofnun Evrópustofnunar um bætt lífskjör og vinnuskilyrði.
2. Reglugerð nr. 4046/88/EBE, um vinnuskilyrði starfsmanna Evrópustofnunar um bætt lífskjör og vinnuskilyrði.

Vinnuverndarstofnun Evrópusambandsins (e. *European Agency for Safety and Health at Work*).

Stofnuninni er ætlað að miðla upplýsingum til vinnuveitenda og starfsmanna varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og tryggja að þessa sé gætt á vinnustöðum. Stofnuninni er jafnframt ætlað að safna upplýsingum um rannsóknir á sviði vinnuverndar og stuðla að samvinnu og upplýsingamiðlun milli aðildarríkjanna á þessu sviði. Uppbygging stofnunarinnar byggist á þrífliða samstarfi stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins og sitja því í stjórn stofnunarinnar fulltrúar stjórnvalda, samtaka launafólks og samtaka atvinnurekenda.

Íslensk stjórnvöld og samtök aðila vinnumarkaðarins hafa eingöngu áttu áheyrnaaðild að Vinnuverndarstofnun Evrópusambandsins en við aðild fengi Ísland fulla aðild að starfsemi stofnunarinnar. Reglugerð nr. 2062/94, um stofnun Evrópustofnunar um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, fjallar um starfsemi stofnunarinnar.

Evrópumiðstöð um þróun starfsþjálfunar (e. *European Centre for the Development of Vocational Training*).

Miðstöðinni er ætlað að stuðla að og þróa starfsþjálfun og starfsmenntun í Evrópusambandinu. Stofnuninni er ætlað að veita upplýsingar um og sjá um greiningar á starfsþjálfunaráætlunum, stefnum, rannsóknum og reynslu. Verkefni hennar eru m.a. að safna upplýsingum, aðstoða við og sjá um rannsóknir á sviðinu, veita upplýsingar, hvetja til sameiginlegra aðgerða á sviði starfsþjálfunar og vera vettvangur umræðu.

Íslensk stjórnvöld hafa átt áheyrnaraðild að miðstöðunni og greiðir árlega sérstakt framlag vegna þátttökunnar. Við aðild að Evrópusambandinu fengi Ísland fulla aðild að miðstöðinni sem yrði jákvætt skref fyrir þróun starfsþjálfunar og starfmenntunar á Íslandi.

Eftirfarandi reglugerðir fjalla um starfsemi miðstöðvarinnar:

1. Reglugerð nr. 337/75/EBE, um stofnun Evrópustofnunar um þróun starfsþjálfunar.
2. Reglugerð nr. 1416/76/EBE, um fjármögnun Evrópustofnunar um þróun starfsþjálfunar.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Evrópustofnun um jafnrétti kynja (e. *European Institute for Gender Equality*).

Hlutverk stofnunarinnar er að efla kynjajafnrétti og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun aðildarríkjanna, að berjast gegn mismunun byggðri á kyni og að gera borgara Evrópusambandsins meðvitaðri um jafnrétti kynjanna með því að vera stofnunum sambandsins og aðildarríkjunum til ráðgjafar.

Við aðild að í Evrópusambandinu fengi Ísland fulla aðild að starfsemi stofnunarinnar en um stofnunina gildir reglugerð nr. 1922/2006/EB, um stofnun Evrópustofnunar um jafnrétti kynna.

Efnastofnun Evrópu, sbr. reglugerð nr. 1907/2006.

Stofnunin er sett á fót til að stjórna og í sumum tilvikum, að annast framkvæmd á tæknilegum, vísindalegum og stjórnsýslulegum þáttum reglugerðar nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu o.fl. og til þess að tryggja samræmi á vettvangi Evrópusambandsins varðandi þessa þætti. Skal hún veita aðildarríkjunum og stofnunum Evrópusambandsins vísinda- og tækniráðgjöf varðandi fyrirsurnir í tengslum við iðefni sem falla undir valdsvið hennar.

Evrópsk örlánamiðstöð, (e. *European Progress Microfinance Facility*).

Miðstöðin var sett á laggirnar með ákvörðun þingsins og ráðsins nr. 283/2010/EB um stofnun evrópskrar örlánamiðstöðvar fyrir vinnu og félagslega aðlögun. Henni er ætlað að auka aðgengi að örlánum fyrir einstaklinga sem hafa misst atvinnu sína, eru í hættu á að missa atvinnu sína, eiga í erfiðleikum með að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði eða eiga erfitt með að nálgast fjármögnun á annan hátt og vilja stofna eða þróa frekar eigin smáfyrirtæki með það fyrir augum að sjá sér farborða. Miðstöðinni er einnig ætlað að lána til smáfyrirtækja sem stefna að því að ráða einstaklinga sem eru í þeirri stöðu sem að framan var nefnd.

Sjónarmið sem mikilvægt er að hafa í huga þegar til viðræðna kemur.

Gæta þarf vel að einkennum íslensks vinnumarkaðar. Þar er rík hefð fyrir sterkum samtökum aðila vinnumarkaðarins en stór meiri hluti launafólks á íslenskum vinnumarkaði eru félagsmenn í stéttarfélögum. Áhersla hefur verið á þríhliða samstarf stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins á ýmsum sviðum samfélagsins og þá einkum um málefni er varða vinnumarkaðinn.

Aðilar vinnumarkaðarins semja um kaup og önnur starfsskilyrði launafólks í frjálsum kjarasamningsviðræðum án aðkomu stjórnvalda. Er því jafnframt venja að samið er um þær leikreglur sem gilda á innlendum vinnumarkaði í kjarasamningum milli aðila. Einnig hefur tíðkast að lög hafa gefið ákveðinn ramma utan um réttindi launafólks og síðan gert ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins útfæri réttindin nánar í samningum sín á milli. Kjarasamningar hafa almennt gildi á innlendum vinnumarkaði, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Huga þarf að því að reglur Evrópusambandsins leiði ekki til undirboða á réttinum til launa á íslenskum vinnumarkaði en í því efni þarf sérstaklega að huga að efni tilskipunar nr. 96/71/EB, um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Í því sambandi er vakin athygli á að Eftirlitsstofnun EFTA hefur stefnt íslenskum stjórnvöldum vegna innleiðingar á tilskipuninni en hún var innleidd með lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra en Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við 5. gr. (réttur til launa í veikinda og slysatilvikum) og 7. gr. laganna (slysatryggingar vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku) þar sem stofnunin telur þær brjóta í bága við umrædda tilskipun og 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (frelsi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki). Efni tilskipunarinnar hefur verið mikið til umræðu á vettvangi Evrópusambandsins og er meðal annars sérstakur sérfræðingahópur á vegum framkvæmdastjórnarinnar starfandi um efni hennar.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.